ERLENT

Óperuhús fyrir almenning opnað í London

NÝTT óperuhús, Savoy-óperan, verður opnað í London á næstunni og er því ætlað að höfða til alls þorra almennings með uppfærslum á vinsælum og vel þekktum óperuverkum. Að sögn, Raymonds Gubbays, eins stofnanda Savoy-óperunnar er ætlunin að höfða til venjulegra leikhúsgesta sem telja óperur almennt of hástemmdar fyrir sinn smekk. Miðaverði verður þá stillt í hóf og munu dýrustu sæti þannig ekki kosta meira en 50 pund, eða sem nemur 6.500 krónum. Savoy-óperan verður staðsett í Savoy-leikhúsinu á Strand í London, en leikhúsið tekur um 1.100 gesti í sæti – um helmingi minna en Konunglega óperan og Covent Garden-óperuhúsið. Ekki eru allir sáttir við þetta nýja óperuhús og hafa gagnrýnendur m.a. sagt það munu draga gesti frá hinum óperuhúsunum. „Savoy-óperan mun svo sannarlega skaða Ensku þjóðaróperuna því hinir almennu ferðamenn munu leggja leið sína þangað. Og óperuhúsin sem nú eru starfandi þurfa að geta sýnt þessi hefðbundnu verk til að standa undir kostnaði við óhefðbundnari sýningar," hafði netmiðill *BBC* eftir Michael White, tónlistargagnrýnanda útvarpstöðvarinnar *Radio 4*.

Vermeer hreinsaður af grun

EITT verka hollenska listamannsins Johannes Vermeers, sem áratugum saman var grunað um að vera fölsun, verður nú í sumar boðið upp hjá uppboðshúsi Sotheby's í London, eftir að staðfest var að verkið væri raunverulega eftir listamanninn. Verkið nefnist Ung kona við virgínal og tók það sérfræðinga ein tíu ár að staðfesta að myndin væri raunverulega eftir meistarann. Myndin er lítil og metin af sérfræðingum Sotheby's á um 400 milljónir króna. Talið er þó að endanlegt kaupverð myndarinnar verði mun hærra enda nýtur Vermeer mikilla vinsælda um þessar mundir sem ekki hafa minnkað í kjölfar metsölubókarinnar og kvikmyndarinnar Girl With a Pearl Earring sem samin er út frá einni af myndum meistarans.



Ung stúlka við virgínal eftir Vermeer.

Ástarbréf Thomas seld

ELSTU ástarbréf írska skáldsins Dylan Thomas, sem vitað er um, til Caitlin Macnamara sem síðar varð eiginkona hans voru á dögunum seld á uppboði hjá Sotheby's í New York fyrir tæplega 1,6 milljónir króna, um það bil fjórum sinnum hærra verð en talið var að bréfin færu fyrir. Bréfin sendi Thomas Catlin, sem lá á sjúkrahúsi, skömmu eftir að þau fyrst kynntust og þykja þau lýsa brennandi tilfinningum skáldsins vel. Samband þeirra reyndist einnig stormasamt allt þar til Thomas lést úr veikindum tengdum drykkjusýki aðeins 39 ára gamall.

Breytingar

Myndlist

Listhús Ófeigs
Sigurður Örlygsson
Opið á verslunartíma.
Til 21. apríl.

Hafnarhúsið
Egill Sæbjörnsson
Opið alla daga frá kl. 10–17

Íslensk grafík
Bjarni Björgvinsson
Opið miðvikudaga til sunnudags
frá kl. 14–18
Til 18. apríl.

SIGURÐUR Örlygsson er nokkuð ólíkur sjálfum sér á sýningu sem nú stendur yfir í Listhúsi Ófeigs. Að vísu má sjá helsta einkenni listmálarans, skúlptúra sem standa út úr verkunum, kunnuglegan blæ og vinnubrögð, en umfjöllunarefni er nýtt og stærð mynda ekki sú sama og menn eiga að venjast úr hans ranni.

Í viðtali í DV á dögunum sagði listamaðurinn frá breyttum fjölskylduhögum sínum og sagði jafnframt að í framhaldinu hefði umfjöllunarefnið í myndlist tekið breytingum. Listamaðurinn sem þekktur er m.a. fyrir að mála sitt allra nánasta umhverfi, konu og börn, inni í nokkurs konar fantasíuheimi sem oft hefur skírskotun til véla og vísinda, á stórum myndflekum, sýnir hjá Ófeigi 32 smámyndir, allar mannlausar og án titils, með áberandi notkun á symmetriu og/eða tvenndum.

Í fréttatilkynningu segist listamaðurinn sækja myndefni sitt í úrgang neyslusamfélagsins, sem hlaðist hefur upp og er orðið eitt mesta umhverfisvandamál vestrænnar menningar, eins og hann orðar það. Þannig má líta á sýninguna sem svo að listamaðurinn sé að koma sér fyrir í þjóðmálaumræðunni.

Meðal þess „úrgangs" sem Sigurður notar í málverk sín eru viftur, keðjur, umferðarmerki, járngrindur og mótorar. Tæknin sem hann notar er eins konar málun ofan á ljósmyndir. Litir eru skærir en þó dempaðir, eins og horft sé á veröldina í gegnum litað gler. Stemningin er dálítið heimsendaleg og draumkennd.

Ef Sigurður er kominn inn á þá braut að vekja athygli í verkum sínum á þjóðþrifamálum eins og of miklu rusli í heiminum þá ætti hann að hugleiða sterkari framsetningu, jafnvel utan málverksins.

Hið persónulega sem einkennt hefur verk Sigurðar er nánast horfið og það er umhugsunarvert. Hin persónulega nálgun er yfirleitt það sem gerir list spennandi. Sýningin heitir Hringrás, og er styrkt af endurvinnslufyrirtækinu Hringrás. Kannski er það það athyglisverðasta við sýninguna, hinn ágæti samruni atvinnulífsins og listarinnar sem þar birtist.

Alheimurinn

Líkt og Sigurði er Bjarna Björgvinssyni ofarlega í huga hið stóra samhengi. Í sýningu sinni veltir hann fyrir sér sköpun heimsins, hvað var fyrir sköpun heimsins, hvað gerðist í framhaldinu. Ljós og skuggar takast á. Þessi heimstilvistarhugsun listamannsins kemur reyndar ekki nógu glöggt fram við heimsókn á sýninguna, bæði eru verkin flest titillaus og texti í sýningarskrá er meira eins og ljóð eða sjálfstætt skáldverk en skýringartexti.

Í heildina er sýningin sem innsetning í rými vel samsett. Það fyrsta sem við blasir þegar komið er inn er stórt ljóst málverk á endavegg. Á vinstri hönd er þriggja mynda sería um upphaf heimsins og á hægri hönd eru tvær 12 mynda myndraðir. Úr loftinu hanga pakkar.

Tólf mynda myndraðirnar tvær eru mjög svipaðar, eiginlega eins og ein og sama serían. Þarna beinir Bjarni sjónum út í geiminn. Myndirnar minna sterklega á myndir úr stjörnukíki og eru bestu verk sýningarinnar. Í þessum myndum nær Bjarni líka best því ætlunarverki sínu að beina athygli áhorfandans út í víðáttur himingeimsins og fá hann til þess að hugleiða tímann – allt aftur til sköpunarinnar – enda er ljósið frá stjörnunum oft milljóna ára gamalt.

Mynd nr. 4 er í sjálfu sér ekki merkileg sem myndlistarverk en þjónar vel hlutverki sínu, að halda saman innsetningunni. Myndir 1, 2 og 3 sem eru saman á vinstri vegg eru misjafnar að gæðum. Mynd nr. 1 er í hálfgert krass, en ekki má þó vanmeta birtingarmynd athafnarinnar sem fram fór: tilraun listamannsins til að fanga sköpun heimsins á striga. Mynd númer 2 er sú besta af þessum þremur, þar er mest að gerast, mesta dýptin og myndbygging góð. Mynd nr. 3 er flöt og mött.

Verkin eru misjöfn að gæðum, hugmyndafræði mætti vera skýrar fram sett en bygging sýningarinnar er góð.

Ruglaður veruleiki


Í sýningu Egils Sæbjörnssonar í Hafnarhúsinu er boðið upp á leik. Við vegg er sófi og fyrir framan sófann er sjónvarp með vídeómyndavél ofan á. Á bak við sófann er risastór blár flötur – svokallaður bláskjár eins og notaður er í sjónvarpi og í kvikmyndum. Sófinn, fólkið og annað sem kemur fyrir framan bláa skjáinn birtist í sjónvarpinu, en í staðinn fyrir bláa skjáinn er hægt að setja hvers konar annað myndefni. Egill leikur sér með þessa eiginleika tækninnar, bæði spriklar hann sjálfur á bak við áhorfendur, notar teiknimyndir, hreyfir til veggi og hvaðeina til að fella áhorfandann inn í listaverk sitt. Með þessu kemur hann manni úr jafnvægi, stríðir manni dálítið.

Þannig leikur Egill sér með veruleikann og ruglar mann í ríminu. Það er eins og listamaðurinn hafi fengið nýtt dót að leika sér með og ákveðið að hafa sem mest gaman af.

Það sterkasta í verkinu er þessi leikur með veruleikann og skáldskapinn. Egill býður upp í dans og það sem situr eftir hjá áhorfandanum er andartaks skemmtun.

Sýningin vekur upp vangaveltur um þróun nútímamyndlistar. Getur verið að myndlistin sé að þróast út í að vera uppákomur með skemmtigildi. Nægir okkur kannski ekki lengur að horfa á stilltar myndir á vegg?

Þóroddur Bjarnason




Morgunblaðið/Golli

Bjarni Björgvinsson leyfir áhorfendum að skyggnast aftur í tímann.



Morgunblaðið/Golli

Ýmislegt járnarusl er á meðal þess sem Sigurður Örlygsson skipar í öndvegi í verkum sínum.



Morgunblaðið/Golli

Þegar fólk sest í sófann er brugðið á leik í sjónvarpinu í verki Egils Sæbjörnssonar.